

Almannavarnir Árborgar

Tillaga

Sveitarfélagið Árborg gegnir ríku hlutverki í almannavörnum, sem stjórnvald og viðbragðsaðili og hefur skyldur varðandi viðbúnað, þróun og skýrslugerð, þrátt fyrir tilvist Almannavarnanefndar Árnassýslu. Í því skyni að sinna ofangreindu hlutverki sveitarfélagsins með markvissum hætti, og tryggja aðkomu bæjarstjórnar að stefnumótun, eftirliti og viðbragðsaðgerðum með skipulögðum hætti, er lagt til að bæjarstjórn stofni Almannavarnaráð Árborgar (ARÁ).

Almannavarnaráð skipi þrjár fulltrúar bæjarstjórnar: forseti bæjarstjórnar, fulltrúi meirihluta bæjarstjórnar og fulltrúi minnihluta bæjarstjórnar. Með ráðinu starfar bæjarstjóri og – eftir því sem ARÁ telur tilefni til hverju sinni – slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnassýslu og sviðsstjórar Svf. Árborgar.

Fyrsta verk ARÁ skal vera gerð tillögu að erindisbréfi ráðsins og framlagning þess fyrir bæjarstjórn til staðfestingar. Hlutverk ARÁ verður að móta stefnu sveitarfélagsins um viðbrögð við samfélagslegum áföllum og tryggja skipulag almannavarna og viðbraðgsgetu stofnana sveitarfélagsins. Einnig að vinna að því að til sé áhættumat fyrir Árborg og að dregið verði úr áhættu eins og hægt er. Þá skál ráðið skipuleggja verkefni til að draga lærdóm af reynslu starfsmanna í kjölfar atburða.

Viðbragðsstjórn Árborgar, sem tók til starfa í mars 2020 vegna Covid-19 og er meðal annars skipuð bæjarstjóra og sviðsstjórum, fer áfram með stjórn viðbragðs og aðgerða fyrir hönd sveitarfélagsins, ásamt viðbraðgsteymum sveitarfélagsins. VÁ mun starfa með ARÁ og vinna að framfylgd þeirrar stefnu sem mótuð verður.

Tengsl skipulags almannavarna Árborgar við almannavarnir í Árnassýslu yrðu þannig að ARÁ vinni í samstarfi við Almannavarnanefnd Árborgar og að VÁ vinni í samstarfi við Aðgerðarstjórn í Björgunarmiðstöðunni og við lögreglustjóra þegar almannavarnaástandi hefur verið lýst yfir. Með þessu er verið að framlengja núverandi skipulag almannavarna í sýslunni inn í skipulag Árborgar og efla þannig almannavarnir og auka öryggi starfsmanna og íbúa.

Greinargerð

Svf. Árborg á sæti í Almannavarnanefnd Árnessýslu (A.Á.) og starfar þar með öllum sveitarfélögum Árnessýslu og lögreglustjóranum á Suðurlandi. Samþykktir fyrir Almannavarnanefnd Árnessýslu (A.Á) voru samþykktar í Héraðsnefnd Árneseinga 15. október 2019 og staðfestar af aðildarsveitarfélögum með undirritun 3. febrúar 2020. Í samþykktunum eru lagðar eftirfarandi skyldur á aðildarsveitarfélögin:

- Tilnefning fulltrúa í A.Á. og einn til vara
- Upplýsingagjöf um tilhögun forvarna og upplýsingagjafar til íbúa,
- Viðbúnaður í áföllum
- Skýrslugjöf um reynslu og lærdóm af orðnum atburðum
- Viðbúnaður ef ráðuneyti sveitarstjórnarmála felur sveitarfélaginu að fara með stjórn nágrannasveitarfélags í náttúruhamförum
- Þróun almannavarnamála í sveitarfélaginu
- Árleg framlög til A.Á.
- Hlutfallsleg ábyrgð á skuldbindingum A.Á. með öðrum aðildarsveitarfélögum

Samþykktirnar veita A.Á. umboð til að fara með málefni almannavarna skv. lögum nr. 82/2008, að „móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög“, eins og nánar er kveðið um í samþykktunum. Hins vegar, hefur A.Á. ekki stjórnarsýsluvald í sveitarfélögum aðildarsveitarfélaga, og því er mikilvægt að sveitarfélög, sérstaklega á stærð við Árborg, hafi eigið skipulag til að geta sinnt almannavarnamálum með starfsmönnum sveitarfélagsins.

Hlutverk Árborgar

Mikilvægt er að fyrirtæki og stofnanir í rekstri geri áhættumat og viðbragðsáætlanir um rekstrarsamfellu, og að starfsfólk hafi fengið þjálfun í að nota áætlanirnar þannig að til staðar sé áætlun og hæfni til að framkvæma aðgerðir til að lágmarka tjón ef eitthvað breytist óvænt í ytra umhverfi og hætta verður á rekstrarstöðvun. Áhættumat er einnig grunnur að forvarnagreiningu og miklu skiptir að sveitarfélagið skoði leiðir til að draga úr áhættu, bæði varðandi innviði sveitarfélagsins og þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir, þannig að draga megi úr líkum á samfélagslegum áföllum og skertri þjónustu.

Þegar almannavarnaástand brestur á þarf sveitarfélagið að vera í stakk búið til að sinna áætlanagerð um almannavarnir, allt frá björgun mannlífa og neyðaraðstoðar til endurreisnar og uppbyggingar. Slík áætlanagerð vegna björgunar mannlífa og fyrstu aðgerða um neyðaraðstoð er unnin í nánú samstarfi við lögreglustjóra og aðgerðarstjórn. Langtíma neyðaraðstoð og uppbygging er unnin í nánú samstarfi við stofnanir ríkisins, eing og t.d. þjónustumiðstöðvar sem settar eru upp í héraði þegar á þarf að halda. Reynsla og rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt er að halda utan um uppbyggingarstarfið í mörg ár eftir að samfélagsraskanir hafa orðið.

Auk áhættumats, forvarna og áætlanagerðar er mikilvægt að sveitarfélög læri af reynslu sinni og reynslu annarra sveitarfélaga. Til að reynsla skili sér í betri vinnuferlum varðandi áhættumat, forvarnir og áætlanagerð þarf Svf. Árborg að hafa við hendi gátlista um hvernig best sé að standa að lærdómsferli. Úrvinnsla tengd Kóvíd-19 er eitt fyrsta verkefnið.

Langtímaviðbrögð

Verkefnið Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum (LVN) setti saman almennar leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi neyðaraðstoð og endurreisn í kjölfar náttúruhamfara. Verkefnið miðar að því að skilgreina hvernig best verður staðið að neyðaraðstoð og uppbyggingu. Gátlistar LVN verkefnisins eru 5 talsins. Sá fyrsti snýr að stjórnslu sveitarfélagsins og getu starfsmanna til að bregðast við áfalli. Næsti snýr að formanni endurreisnarteymisins og þeim málum sem hann á að huga að. Þriðji gátlistinn beinist að atriðum sem eiga við um þrjá klasa í starfsemi sveitarfélags sem nefndir hafa verið velferðar-, umhverfis- og efnahagsklasi. Fjórði gátlistinn er þrískiptur, sérstakt blað er fyrir hvern klasa. Fimmti og síðasti gátlistinn snýr að sveitarstjórnarmönnum og stefnumótandi atriðum.

Svf. Árborg fékk leiðbeiningar LVN í hönd strax eftir jarðskjálftana 2008 og komu þær að góðum notum. Í kjölfar endurskipulagningar á sviðum og deildum Árborgar hefur verið unnið að því að heimfæra LVN leiðbeiningar að nýju skipulagi og liggja fyrir drög að áætlun sem byggir á LVN. Eitt af fyrstu verkefnum almannavarnaráðs Árborgar ætti að vera að taka saman stöðuna á LVN áætluninni og undirbúa æfingar, bæði fyrir starfsmenn og kjörna fulltrúa.

Efnahagslegt tjón

Eitt stærsti viðfangsefni stjórnslunnar vegna samfélagsraskana er vegna efnahagslegs tjóns. Í töflunni hér fyrir neðan (úr ársskýslu Viðlagatryggingar Íslands 2011) má sjá stöðu tjóna af völdum jarðskjálftans í maí 2008 tekið saman í árslok 2011, þremur og hálfu ári eftir jarðskjálftann. Sjá má að þrátt fyrir að ekkert manntjón hafi orðið og fáir orðið fyrir meiðslum varð fjárhagslegt tjón hátt í 10 milljarðar króna.

Tjón af völdum jarðskjálftans í maí 2008, staða í árslok 2011	
	Krónur
Fasteignir	7.143.931.479
Innbú og lausafé	1.027.859.212
Kostnaður	1.291.280.492
Heildar tjón	9.463.071.183

Mikilvægt er að formesta viðbrögð starfsmanna og kjörinna fulltrúa á þessu sviði þannig að unnið sé eins hratt og snurðulaust og hægt er. Í þeirri vinnu ætti að nýta reynslu sveitarfélagsins og annarra sveitarfélaga, bæði hérlendis og erlendis.

Svf. Árborg í fararbroddi

Svf. Árborg hefur alla burði til að vera í fararbroddi á meðal sveitarfélaga á sviði almannavarnamála og stuðla þannig að auknu öryggi. Í sveitarfélaginu er til staðar reynsla af því að takast á við flóð, jarðskjálfta, heimsfaraldur og jafnvel bankahrun. Nýleg snjóflóð fyrir vestan, ofsaverður fyrir norðan, aurskriður á Seyðisfirði og yfirstandandi jarðskjálftar og eldgosaógn á Reykjanesi minna á að ávallt þarf að vera við öllu búin. Þá eru loftslagsbreytingar hugsanleg ógn og mikilvægt málefni.

Með því að stofna almannavarnaráð og efla þannig almannavarnir í Árborg er bæjarstjórn m.a. að mæta 11. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna þar sem segir:

11.5 Eigi síðar en árið 2030 dragi úr fjölda þeirra sem deyja í hamförum og þeirra sem bíða skaða af þeim völdum. Dregið verði úr beinu efnahagslegu tjóni af völdum hamfara, í hlutfalli af vergri landsframleiðslu í alþjóðlegum samanburði, þar á meðal vatnstjóni, og áhersla lögð á að vernda fátæka og fólk í viðkvæmri stöðu. (heimild: <https://www.un.is/heimsmarkmidin/sjalbbaerar-borgir-og-samfelog/>)

Með nýju skipulagi getur Svf. Árborg haldið betur utan um sín eigin verkefni varðandi almannavarnir, átt betra samstarf við önnur sveitarfélög um þetta mikilvæga málefni, skipulagt betur vinnu sínu gagnvart ráðuneytum og stofnunum ríkisins, og ekki síst, gert starf sveitarfélagsins á þessu sviði gegnsærri gagnvart íbúum.